

Aðalfundur samtaka um Jákvæðan aga haldinn í fjarfundi miðvikudaginn 1. júní 2022 kl. 20:00

Fundur settur

Ágúst Jakobsson setur fund en níu manns eru mættir á Zoom.

Kosning starfsmanna fundarins

Ágúst stingur upp á sér sem fundarstjóra og Jónínu Hauksdóttur sem fundarritara. Það er samþykkt.

Skýrsla stjórnar

Ágúst leggur fram skýrslu stjórnar.

- Allt í frekar miklum dvala vegna Covid á starfsárinu 2021 en stefnt er að kröftugri starfsemi frá næsta hausti og þá aðallega netfundum. Mögulega verða haldnir fundir eftir skólastigum. Allar góðar ábendingar vel þegnar.
- Á árinu voru haldnir þrjú stjórnarfundir.
- Þrjú opin námskeið voru haldin auk námskeiða og kynninga inn í skólum. Opinn umræðufundur var haldinn síðasta haust.
- Út kom handbók fyrir leikskólastig og unnið að þýðingu bókar fyrir grunnskólann, kemur væntanlega út síðsumar.
- Félagsgjöld voru innheimt fyrir árið 2021 að vori 2022. Nokkuð var um skráningar úr félaginu og í dag eru rúmlega 70 manns skráðir félagsmenn.
- Skólum er enn að fjölga sem starfa með Jákvæðan aga og er fjöldinn kominn í um 40 skóla.

Ársreikningar félagsins

Aníta Jónsdóttir kynnir ársreikninga félagsins fyrir árið 2021. Rekstartekjur voru 30.678 en rekstargjöld voru 225.159 og er því 194.481 krónu í mínus. Efnahagsreikningur stendur ágætlega og innistæður í lok árs voru kr. 200.461. Engar athugasemdir voru gerðar og var ársreikningurinn samþykktur.

Lagabreytingar

Stjórn lagði ekki fram neinar lagabreytingar þetta árið. Skoðað verður hvort sett verði í lög félagsins að halda aðalfund ekki síðar en 15. apríl ár hvert.

Ávörðun félagsgjalds.

Stjórn leggur til að árgjald verði 3.000 krónur fyrir árið 2022 sem er 2.000 króna lækkun frá fyrra árgjaldi. Tillagan er samþykkt

Stjórnarkjör

Eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Aníta Jónsdóttir.

Ágúst Jakobsson.

Helga Jónsdóttir.

Jónína Hauksdóttir.

Júlía Birgisdóttir.

Til vara

Sólrún Óskarsdóttir

Sólveig Ósk Guðmundsdóttir.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

Önnur mál

Ágúst kynnir hvað er á döfinni.

- Handbók fyrir leikskólastigið kom út í vor auk þess sem handbók fyrir grunnskólastigið er á leiðinni og kemur út á þessu ári.
- Tvö réttindanámskeið fyrir leikskólastigið verða haldin í september, 1. og 2. september á Akureyri og 22. og 23. september í Reykjavík.
- Nadine Gaudin CPDLT verður vonandi með framhaldsnámskeið í Reykjavík fyrir þá sem hafa lokið réttindanámskeiði um miðjan október.
- Rafrænt „Think tank“ verður haldið 22. til 23. október.

Aníta Jónsdóttir biður um orðið. Töluvert er til af bókum til sölu, önnur er nýja handbókin fyrir leikskólastigið og seinni bókin er gamla handbókin fyrir grunnskólastigið en hún er enn í fullu gildi. Ákveðið er að selja eldri bækurnar á kostnaðarverði, á 2.000 kr. stk. Mögulega má auglýsa þessar bækur betur.

Aníta Jónsdóttir nefnir að gott væri að hefja aftur samráðsfundi skóla sem starfa með Jákvæðan aga. Fundarmenn samþykkir þessu. Bent á að hægt er að sýna meiri virkni á samfélagsmiðlum að vekja athygli á starfinu.

Helga Jónsdóttir með spurningu varðandi heimasíðu samtakana. Hún efast um að skólar séu að nota sér allt efnið sem þar liggur. Þarna er tækifæri til að vekja athygli á ýmsu tengdu Jákvæðum aga.

Steinunn Jónsdóttir spyr hvort foreldranámskeið séu í pípunum. Svo er ekki en alveg sjálfsagt að skoða þessa hugmynd.

Sólrún Óskarsdóttir spyr hvort allir skólar sem starfa með eða eru að innleiða Jákvæðan aga séu á heimasíðunni. Það verður skoðað og þá um leið flokkað eftir skólastigum, leikskólar, grunnskólar og samreknir skólar.

Steinunn Jónsdóttir spyr hvort ákveðið eftirlit sé eftir með þeim skólum sem starfa með Jákvæðan aga. Ekkert vottunarkerfi er til staðar. Jónína hefur útbúið gátlista fyrir starfsfólk og ætlar að koma þeim gátlista til Ágústar sem getur þá dreift listanum víðar.

Sólveig Ósk Guðmundsdóttir býðst til þess að fylgjast með FB síðu samtakana og halda henni lifandi, mögulega með nýjum færslum reglulega. Helga nefnir að hægt sé að nýta upplýsingar og pósta sem berast frá móðursamtökunum og setja inn á FB síðuna.

Fundi slitið kl. 20:44.

Jónína Hauksdóttir ritar fundargerð

Rekstrarreikningur árið 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Sala JA verkefnabóka	30.490	
Félagsgjöld	0	
Innvextir	188	
Samtals	<u>30.678</u>	<u>419.289</u>
Rekstrargjöld		
Prentun JA verkefnabóka	176.880	
Lén v. heimasíðu	6.643	
Hýsing vefsíðu	21.984	
ZOOM áskrift	19.511	
Þjónustugjald	100	
Fjármagnstekjuskattur	41	
Samtals	<u>225.159</u>	<u>156.313</u>
Rekstrarniðurstaða	<u>-194.481</u>	<u>262.976</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	2021	2020
Eignir		
Handbært fé	200.461	394.942
Eignir samtals	<u>200.461</u>	<u>394.942</u>
Eigið fé		
Eigið fé	200.461	394.942
Eigið fé samtals	<u>200.461</u>	<u>394.942</u>
Skammtímaskuldir		
Ógreiddur kostnaður	0	0
Skuldir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>200.461</u>	<u>394.942</u>